



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hækkun á leiguverði Félagsbústaða

Þann 15. nóvember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um áætlaða breytingu á leiguverði Félagsbústaða:

Fyrirspurn Flokks fólksins um hækkun leigu hjá Félagsbústöðum. Til stendur að hækka leigu hjá Félagsbústöðum umfram vísitölu neysluverðs og umfram verðlag árið 2024. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort fyrirhuguð hækkun hafi verið rædd við leigjendur og ef svo er hver voru þeirra viðbrögð? Hefur fyrirhuguð leiguhækkun verið rædd við velferðarsvið, og ef svo er, er ákvörðun um leiguhækkun tekin í samráði við velferðarsvið? Nú þegar það liggur fyrir að hækka eigi leigu hjá Félagsbústöðum óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hvort hugað hafi verið að mótvægisáðgerðum? Er fyrirhugað að hjálpa þeim sem verst eru settir til að mæta umræddri hækkun? Fulltrúi Flokks fólksins minnir á að hér er um okkar fátækasta og viðkvæmasta hóp að ræða.

Svar:

Breyting á leiguverðslíkani Félagsbústaða (FB) var samþykkt í borgarstjórn 19. september sl. en engin hækkun umfram vísitölu neysluverðs hefur verið samþykkt. Breytingar á leiguverðslíkaninu voru einnig kynntar og ræddar í velferðarráði. Markmið leiguverðslíkans Félagsbústaða er að leiguverð sé sem jafnast með tilliti til gæða og óháð því hvar í borginni íbúðirnar eru staðsettar, líkanið sé sveigjanlegt og endurstíllt reglulega til þess að ná markmiðum þess. Breytingin sem tekur gildi um áramótin mun leiða til hækkunar leiguverðs hjá sumum leigjendum en til lækkunar hjá öðrum. Breytingin á leiguverðslíkaninu felur ekki í sér hækkun á meðal leiguverði né auknar tekjur fyrir Félagsbústaði. Af 2.948 leigjendum Félagsbústaða í október mánuði 2023 mun leiguverð hækka í 1.497 tilfella að meðaltali um 6.339 kr., leiguverð lækkar í 1.073 tilfella að meðaltali um 8.645 kr. og í 378 tilfellum helst leiguverð óbreytt.

Búið er að senda öllum leigjendum Félagsbústaða bréf um breytingarnar sem taka gildi 1. janúar 2024. Þeir aðilar sem hækka mest eiga í flestum tilvikum rétt á hærri húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisstuðningi. Greiðslubyrði þeirra aðila sem fá hæstu hækkunina er einnig töluvert lægri fyrir breytingar heldur en meðal greiðslubyrði leigjenda innan Félagsbústaða.

Meðaltal húsnæðiskostnaður (viðmiðunarhópur)	67.018 kr
Meðaltal húsnæðiskostnaður (heild)	86.518 kr
Meðaltal leigu fyrir hækkun (viðmiðunarhópur)	143.517 kr
Meðaltal leigu fyrir hækkun (heild)	163.718 kr

Mynd 1: Meðaltal húsnæðiskostnaður og leiguverð á viðmiðunarhóp (25 leigjendur með hæstu hækkun á leiguverði) á móti öllum leigjendahópi Félagsbústaða. Húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem leiguverð eftir húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning.